

Skólaráðsfundur 6. júní 2013 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00 á bókasafninu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra og Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Forföll boðuðu:

Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra, Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs og Móey Pála Rúnarsdóttir fulltrúi nemanda.

Dagskrá fundarins:

1. Sundkennsla á næsta skólaári með 1. og 2. bekk.

Nemendur fari tvisvar í viku í sund og einu sinni í íþróttir. Þetta er alveg í samræmi við nýja aðalnámskrá þar sem fram kemur að hreyfing sé 3 í viku en ekki hvað eigi að vera mikið í íþróttum og hversu mikið í sundi.

2. Stofuskipan næsta haust:

Sérdeild verður í stofu 205, námsver unglunga fer í stofu 306. Í stofum 202-203 verður uppsett tölvuver og sérkennsla unglunga. Í stofunum úti næst bílaplani verður 6. bekkur og úti næst inngangi yngsta stigs verður 3. bekkur en þar munu bætast við tvö ný hús. 8.-10. bekkur verður með heimastofur á næsta ári. Stofur 101-104, hús 8 og stofur 301-305 verða fyrir þá.

3. Staða ráðningarmála

5 kennarar eru að fara í námsleyfi og 2 kennarar eru að hætta. Búið er að ráða í stöður þriggja kennara tímabundið í eitt ár. Verið er að klára aðrar ráðningar í samræmi við stundatöflugerð.

4. Fundartími á næsta ári

Hvaða fundartími mynda henta á næsta ári fyrir fundi skólaráðs ef 5 fundir yrðu settir upp allt skólaárið. Ath.t.d. hvort að tímar kl. 8 að morgni myndu henta betur.

Annað:

Spurt var hvort að skólinn yrði málaður í sumar að innan og hvort að það yrði borið á harðviðinn sem er í utanhúsklæðingu á skólanum? JM talar við Þorgeir um þetta.

Spurt var hvort að leikskóladeildin væri að fara en það verða tuttugu 5 ára börn áfram hérna næsta vetur.

Spurt var hvort að hægt væri að girða af leiksvæði næst götu og stækka leiksvæði nemanda þar með? Athuga þarf það betur.

Pétur gefur áfram kost á sér næstu tvö árin í viðbót og er því fulltrúi til vorsins 2015.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritari: Ásta Steina.